



Vesturbyggð  
Óskar Örn Gunnarsson  
Aðalstræti 75  
450 PATREKSFJÖRÐUR

Garðabær, 1. júní 2026  
Málsnúmer: 202604-0033  
IAS

**Efni: Þúfneyri við Patreksfjörð, tillaga að deiliskipulagi.**

Visað er til erindis Vesturbyggðar frá 20. apríl 2026 þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um tillögu að deiliskipulagi Þúfneyrar við Patreksfjörð.

Um er að ræða deiliskipulag fyrir útivistarsvæði á Þúfneyri, þar sem gert er ráð fyrir uppbyggingu útivistaraðstöðu. Samkvæmt tillögunni verður heimilt að reisa litlar þjónustubyggingar, auk þess sem gert er ráð fyrir uppbyggingu áningarstaðar, bílastæða og útivistarstíga.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér tillöguna og gerir ekki athugasemdir.

Þúfneyri er hvorki innan friðlýstra svæða né annarra svæða á náttúruminjaskrá og þar hafa ekki verið skráðar friðlýstar plöntutegundir eða tegundir á válista.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson,  
jarðfræðingur